

Skógræktarfélag Ísafjarðar

Ísafirði 27.11.17

Ísafjarðarbær
Stjórnsýsluhúsinu
400 Ísafirði



Framkvæmdalefi fyrir göngustíg

Skógræktarfélag Ísafjarðar hefur stundað skógrækt í Skutulsfirði í 70 ár eins og aðstæður hafa leyft á hverjum tíma, öllum bæjarbúum til hagsbóta. Frumherjarnir byrjuðu að rækta timburskóg eða töldu sig gera það. En niðurstaðan frekar útvistarskógar og mikil þekking. Markmiðið er að sem viðast verði útvistarskógar fyrir bæjarbúa með göngustígum og öðrum útvistarmöguleikum.

Undanfarna two áratugi hefur mikið verið plantað í Eyrarhlíð, svæðið frá Skíðavegi út að Stórvörðarskógi. Þessi plöntun er nú víða farin að sjást vel, annars staðar mun hún sjást vel á næstu árum en svo vantar alveg plöntun í einhverja skika og helst þyrfi að komast með plöntur ofar í hlíðina sums staðar.

Félagið hafði að sjálfsögðu leyfi bæjarins fyrir þessari plöntun og eru ýmis bréf til varðandi það. Aldrei var þó gengið frá formlegum samningi um svæðið.

Skógræktarfélagið sér um skógræktarskipulag þess svæðis, sem ætlað er undir skógrækt samkvæmt samkomulagi. Í því fellst hvaða tegundum skuli plantað, hvar einstökum tegundum skuli plantað, hvar leggja skuli göngustíga og gera ráð fyrir rjóðrum og öðru sem skógargöngum tilheyrir. Varðandi skógræktarskipulag hefur félagið gegn um tiðina leitað til sérfræðinga Skógræktarfélags Íslands og annarra eftir atvikum.

Nú er komið að því að leggja stíg um þetta svæði og tengja skógræktarsvæðið í Eyrarhlíð við Stórvörðarreitinn að utan og Karlsárskóg að innan. Í tengslum við gerð varnargarða eru komnir vegir að hluta fyrir neðan svæðið eða neðarlega. Það vantar hins vegar stíg ofar uppi í skóginum sjálfum.

Meðfylgjandi er uppdráttur af slikum stíg. Hann er hugsaður frá Skíðavegi nokkuð fyrir neðan vegamót við stíg inn eftir. Liggur fyrst eftir gömlum vegi en hækkar síðan upp í botn nánumnar í Grænagarðshrygg um 500 m frá skíðavegi í um 45 m h. y. s. Þaðan er lega stígsins nokkuð jafnt upp á við næstu 700 m og er þá kominn upp fyrri gömlu nánumna við Engi í um 75 m h. y. s. Síðustu 250 m liggur hann bratt niður í gamla reitinn og inn á núverandi stíg þar, 1440 m frá Skíðavegi í 55 m h. y. s.

Miðað er við að stigurinn sé 3 m breiður fullgerður, það þýðir að undirbygging sem gerð verður í fyrsts áfanga þarf að vera a.m.k. 4 m breið. Mest af leiðinni er um þurt land og hægt að gera stall í skriðuefni, en á stöku stað er bleyta og þarf að enda flytja eitthvert efni. Markmiðið er að stigurinn verði sem næst jafnhalla á hverjum kafla fyrir sig en planlegan verði hlykkjótt svo það náiðst. Reynslan sýnir það er bæði þægilegra að ganga slikan stíg og og lega hans verður falllegrí i landinu. Þar sem ekki er kominn trjágróður mun stigurinn verða nokkuð áberandi þangað til skógrunn kemur. Þar sem komin eru svona meters há tré mun

Skógræktarfélag Ísafjarðar

hann sjást lítið. Stíglára er í sjálfa sé sömu gerðar og stíglára í gegn um Stóruðarlundinn sem enginn sér. Meðfylgjandi er uppráttur af legu stígsins. Lokahönnun mun þó fara fram á staðnum jafnhliða gerð hans.

Óskað er eftir leyfi til að hefja framkvæmdir í vor og verður undirbúningi haldið áfram í vetrar. Félagið mun að sjálfsögðu kappkosta góðan frágang og að stíglára falli sem best að landinu. Eitthvað af plöntum er fyrir og verður reynt að fá þær með grófunni sem leggur stíglára, eða einfaldlega saga trén í burtu.

Svo vill til að í stjórn félagsins eru þrír menn sem hafa mikla reynslu af vegagerð hver á sínu svíði. Þetta er að sjálfsögðu ekki vegur til að aka hratt en úrlausnarefnin við að velja stígstæðið, nýta efnið á staðnum og ganga sem best frá raskinu eru öll þekkt frá stærri verkefnum.

Fyrir hönd Skógræktarfélags Ísafjarðar.

Ísafirði 27.11.2017

Gisli Zirksson Johann B. Helgason Sigurður Óskarsson

Hildur D. Arnardóttir

Hildur D. Arnardóttir

Sædís Ingvarsdóttir

Þórdís Ingvarsdóttir